

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 2001

Nr. 465

1184

12. júní 2001

AUGLÝSING

um deiliskipulag á Grýtubakka í Grýtubakkahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Grýtubakkahrepps þann 19. mars 2001 samþykkt deiliskipulag fyrir Grýtubakka í Grýtubakkahreppi.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Grenivík, 12. júní 2001.

F.h. sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps,

Guðný Sverrisdóttir sveitarstjóri.

Nr. 466

13. júní 2001

REGLUGERÐ

um eingreiðslur uppbóta til elli- og örorkulífeyrisþega árið 2001.

1. gr.

Á fjárhæðir tekjutryggingar og tekjutryggingarauka skv. 17. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og fjárhæð heimilisuppbótar skv. 9. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, skal greiða uppbætur sem hér segir á árinu 2001:

- a) Í júlí 2001 20% uppbót á þessar fjárhæðir vegna orlofsuppbótar.
- b) Í desember 2001 30% uppbót á þessar fjárhæðir vegna desemberuppbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 66. gr., sbr. 65. gr., laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 13. júní 2001.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.